

**Borgarstjórn**  
**6. febrúar 2018**

**Tillaga Sjálfstæðisflokksins um áskorun til Alþingis um breytingar á sveitarstjórnarlögum vegna fjölgunar borgarfulltrúa**

Borgarstjórn Reykjavíkur skorar á Alþingi að gera þær breytingar á sveitastjórnarlögum sem veita Borgarstjórn sjálfðæmi um hvort borgarfulltrúum verði fjölgað eða ekki.

**Greinargerð:**

Í 5. tölulið 11. greinar sveitarstjórnarlaga er kveðið á um að fjöldi aðalmanna í sveitarstjórn skuli vera 23-31 í sveitarfélagi með fleiri en 100.000 íbúa. Umrætt ákvæði, sem taka á gildi í síðasta lagi í lok kjörtímabilsins, leggur þær skyldur á herðar Reykjavíkurborgar að fjölga kjörnum borgarfulltrúum um 53-107%. Gera þarf breytingar á þessari lagagrein sem heimila borgarstjórn Reykjavíkur að ákveða sjálf hvort borgfulltrúum verði fjölgað eða ekki.